



Niðurstöður 20/20 Sóknaráætlunar
Nóvember 2010

Frú Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra
Stjórnarráðshúsinu v/Lækjargötu
150 Reykjavík

15. nóvember 2010

Vinnu stýrihóps Sóknaráætlunar er hér með lokið. Meðfylgjandi er lokaskýrsla um niðurstöður Sóknaráætlunar og stefnumörkunin Ísland 2020 ásamt tillögum.

Virðingarfyllt,

Dagur B. Eggertsson

Karl Björnsson

Katrín Jakobsdóttir

Katrín Júlíusdóttir

Sigrún Björk Jakobsdóttir

Svandís Svavarsdóttir



Tekið saman af Stýrihópi 20/20 Sóknaaráætlunar

Inngangur

Ágæti viðtakandi,

Í þessari skýrslu eru settar fram meginniðurstöður þeirrar miklu vinnu sem unnin hefur verið um land allt á sem hluti Sóknaráætlunar til ársins 2020. Alls hafa á annað þúsund manns komið að þessari verki, íbúar af öllu landinu, fulltrúar frjálsra félagasamtaka, atvinnulífs og vinnumarkaðar, starfsmenn ráðuneyta og stofnana, sveitarstjórnarfólk, landshlutasamtök, þingmenn og ráðherrar. Á vinnustofum sem haldnar hafa verið um allt land hefur verið fjallað um atvinnuþróun og atvinnuuppbyggingu og sóknarfæri á hverju landsvæði fyrir sig sem og fyrir landið í heild.

Þessir fundir og sjálfböðavinna fjölda fólks er til marks um þann auð sem Ísland býr yfir og á eftir að reynast drýgstur til að vinna okkur örugglega út úr kreppunni: fólkið sjálft. Úrvinnslan og meðfylgjandi tillögur fela í sér skýra framtíðarsýn, öfluga aðferðarfræði til að hrinda henni í framkvæmd ásamt tillögum um lykilverkefni til að ráðast í strax. Stefnumörkunin Ísland 2020 og tillögurnar eru meðfylgjandi í sérstöku skjali. Um þær þarf ekki að orðlengja. Þær tala sínu máli.

Dagur B. Eggertsson

Formaður stýrihóps 20/20 Sóknaráætlunar

Saga og bakgrunnur verkefnisins

Forsaga verkefnisins

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingarinnar og Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs er eftirfarandi yfirlýsing:

Sóknarstefna til framtíðar

Ríkisstjórnin mun efna til víðtæks samráðs undir forystu forsætisráðuneytisins um sóknaráætlanir fyrir alla landshluta til eflingar atvinnulífs og lífsgæða til framtíðar. Markmiðið er að kalla fram sameiginlega framtíðarsýn og að samþættar verði áætlanir í samgöngumálum, fjarskiptamálum, ferðamálum og byggðaáætlanir auk áætlana um eflingu sveitarstjórnarstigsins og ýmsa vaxtarsamninga og aðra opinbera stefnumótun og framkvæmdáætlanir sem ætla má að komi til endurskoðunar í kjölfar efnahagshrunsins.

Ennfremur er í samstarfsyfirlýsingunni tekið á atvinnumálum og atvinnuuppbyggingu og undir fyrirsögninni atvinnumál má finna eftirfarandi:

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að mótuð verði heildstæð atvinnustefna fyrir Ísland, byggð á jafnræði atvinnugreina, jafnrétti kynjanna, heilbrigðum viðskiptaháttum og grænni atvinnuuppbyggingu í samræmi við hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Jafnframt verði hugað að samkeppnishæfi íslensks atvinnulífs í alþjóðlegum samanburði. Stefnan verði útfærð í formlegu samráði stjórnvalda, sveitarfélaga, aðila vinnumarkaðarins, og háskólasamfélagsins.

Með skipunarbréfi forsætisráðherra dagsettu 3.júní 2009 var skipaður stýrihópur yfir verkefnið og Degi B . Eggertssyni varaformanni Samfylkingarinnar falið að gegna formennsku. Aðrir í stýrihópnum voru Gylfi Magnússon efnahags- og viðskiptaráðherra, Karl Björnsson framkvæmdastjóri samtaka íslenskra sveitarfélaga, Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, Katrín Júlíusdóttir, iðnaðarráðherra, Kristján L. Möller samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Sigrún Björk Jakobsdóttir bæjarfulltrúi á Akureyri , Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra og Svafa Grönlfeldt rektor Háskólans í Reykjavík. Verkefnisstjóri var ráðinn Kristinn Tryggvi Gunnarsson stefnumótunarráðgjafi hjá Expectus og tengiliðir forsætisráðuneytis við verkefnið voru Halldór Árnason og Sigrún Ólafsdóttir. Svafa hvarf til annarra starfa eftir undirbúning verkefnisins og Gylfi og Kristján létu af störfum í stýrihópnum eftir að þeir hættu sem ráðherrar. Þátttaka í stýrihópi og öðru starfi á vegum verkefnisins var ekki launuð.

Þrjú meginverkbættir

Verkefninu var skipt í þrjú meginverkbætti; sóknaráætlanir landshluta, framtíðarsýn og samkeppnishæfni.

Í upphafi verkefnisins var leitast við að fá yfirsýn yfir markmið hinna ýmsu áætlana ríkisins. Stofnaður var verkefnishópur um samþættingu áætlana skipaður fulltrúum úr öllum ráðuneytum. Þessi hópur vann tillögur að skiptingu landsins í sóknarsvæði og vann að undirbúningi, skipulagningu og framkvæmd þjóðfunda sem haldnir voru á hverju svæði.

Vinna við að kalla fram sameiginlega framtíðarsýn hófst með gerð stöðuskýrslu sem Hagfræðistofnun og Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands skrifuðu. Ráðist var í gerð sviðsmynda (e. Scenario Planning) með þátttöku um 150 aðila víðs vegar úr þjóðfélaginu undir forystu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Verkefnið studdi þjóðfund Mauraþúfunnar í Laugardalshöll þar sem 1231 þátttakandi af öllu landinu tók þátt í því að draga fram gildi, þemu og framtíðarsýn þjóðarinnar. Þjóðfundurinn var fyrirmynd þeirra átta þjóðfunda sem haldnir voru á vegum 20/20 Sóknaráætlunar um land allt. Hluti af mótun framtíðarsýnar er að móta atvinnustefnu til framtíðar. Sérstakur verkefnahópur var stofnaður í því skyni, skipaður fulltrúum tilnefndum af aðilum stöðuleikasáttmálans, fulltrúum allra þingflokka og formönnum Vísinda- og tækniráðs.

Eitt af meginmarkmiðum 20/20 Sóknaráætlunar er að Ísland skipi sér í hóp 10 samkeppnishæfustu þjóða heimsins árið 2020. Skipaður var verkefnishópur til að hafa umsjón með greiningu á samkeppnishæfni og tillögugerð um hvaða aðgerða þarf að grípa til til að bæta samkeppnishæfni landsins til lengri tíma litið.

Aðferðarfræði og samráð

Vinnubrögð og verklag 20/20 Sóknaráætlunar voru sótt til þjóðfundarins og gildi hans, heiðarleiki, réttlæti og virðing lögð til grundvallar öllu starfi á vegum verkefnisins. Lýðræðisleg nálgun á verkefnið skipti öllu máli.

Hver landshluti, hver ríkisstofnun, hvert sveitarfélag, hver vinnustaður og hver fjölskylda og einstaklingur býr yfir sýn á sóknarfæri og markmiðið með sóknaráætlun var að nálgast þessi sóknarfæri, orða þau og samþætta og loks nýta þau til að blása Íslandi vind í seglin til framtíðar. Á vegum verkefnisins var því ráðist í mjög víðtækt samráð og óhætt að segja að vel á annað þúsund manns hafi veitt verkefninu lið á einn eða annan þátt með því að gefa vinnu sína og tíma. Öllu þessu fólki ber að þakka sérstaklega fyrir það.

Samstarfsaðilar um þjóðfundi í landshlutum voru Landshlutasamtök sveitarfélaga. Samtökin báru ábyrgð á umsjón og skipulagningu þjóðfunda hver á sínu svæði ásamt úrvinnslu úr niðurstöðum. Niðurstöður hafa verið flokkaðar í sex meginþemu sem munu verða leiðarljós við samþættingu opinberra áætlana á næstu misserum. Þannig munu stjórnvöld leitast við að styðja sérstaklega við þau sóknarfæri sem þar eru dregin fram og fjallað er um í sérstökum kafla í þessari skýrslu.

Við mótun framtíðarsýnar var stuðst við víðtækt samráð. Þjóðfund Maurapúfunnar sóttu 1231 landsmenn valdir af handahófi úr þjóðskrá, allt að hundrað manns komu að þjóðfundum í hverjum landshluta, að sviðsmyndagerð komu alls um 150 manns og við mótun atvinnustefnu var einsog áður segir haft samráð við hagsmunaaðila.

Við tillögugerð varðandi samkeppnishæfni var víða leitað fanga. Fulltrúar frá World Economic Forum komu hingað til lands og kynntu niðurstöður mælinga sinna á samkeppnishæfni, nemendur í Háskóla Íslands unnu raunhæf verkefni við klasagreiningar og sjö sérfræðingahópar áttu samráð við tugi sérfræðinga.

Listi yfir stjórnendur hópa og lykilþátttakendur í verkefninu eru í viðauka.

Atvinnustefna fyrir Ísland

Við undirbúning Sónnaráætlunar náðist breið samstaða um grundvallaratriði í atvinnustefnu til framtíðar. Að mótun þessara lykilþátta komu fulltrúar verkalyðhreyfingar og samtaka atvinnulífsins, formenn vísindanefndar og tækninefndar, auk fulltrúa þingflokka á Alþingi. Samstaða er um að ný atvinnustefna fyrir Ísland byggji á eftirfarandi þáttum.

Meginmarkmið

Meginmarkið atvinnustefnu fyrir Ísland til 2020 er að skapa ný og fjölbreytt störf sem eru vel launuð og gjaldeyrisskapandi og byggja á samkeppnishæfni Íslands í heild eða sérstöðu einstakra svæða. Grundvöllur atvinnustefnunnar skal vera fjölbreytni, jafnræði, heilbrigðir viðskiptahættir, jafnrétti og græn atvinnuuppbygging í samræmi við hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar.

Samkeppnishæft rekstrarumhverfi

Megináhersla stjórnvalda á að vera á gott almennt umhverfi atvinnulífs og trausta umgjörð og leikreglur á markaði. Til að skapa umhverfi til vaxtar þarf að tryggja samkeppnishæft fjármálaumhverfi og skattaumhverfi, tryggja aðgengi að innlendu og erlendu lánsfjármagni, stuðla að fjölbreyttri erlendri fjárfestingu og efnahagslegum og félagslegum stöðugleika, m.a. með stöðugum gjaldmiðli, afnámi gjaldeyrishafta, stöðugu verðlagi, heilbrigðri samkeppni auk þess að endurreisa traust og tryggja festu.

Stofnun og rekstur fyrirtækja auðveldaður

Sköpuð verði kjörskilyrði til að stofna og reka fyrirtæki með einföldun á stjórnslu og regluverki, sterku og einfaldara nýsköpunarumhverfi og áherslu á þarfir lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Helstu vaxtargreinar

Helstu vaxtargreinar eru líklegar til að tengjast iðnaði og þjónustu, þ.m.t. hátækni og þekkingariðnaði, skapandi greinum og ferðaþjónustu. Skilgreining vaxtargreina verði verkefni Vísinda- og tækniráðs.

Stefnt verði að myndun klasa

Stutt verði við myndun klasa þar sem tækifæri er fyrir hendi til ábyrgs vaxtar og áhersla lögð á fjárfestingu í menntun, vísindum og nýsköpun.

Tímabundinn stuðningur við vaxtargreinar

Vaxtargreinar eiga að njóta sérstaks stuðnings í rannsókn- og þróun, menntun og endurmenntun, fjárfestingum í innviðum og grunngerð samfélagsins og stuðningi við markaðssetningu Íslands.

Annað tækifæri til náms - sveigjanleiki og öryggi á vinnumarkaði

Vinumarkaður og velferðarkerfi tryggja sveigjanleika og öryggi. Sérstaklega verði hugað að öðru tækifæri til náms og starfsþjálfunar fyrir þá sem lenda tímabundið út af vinnumarkaði.

Sátt um auðlinda- og umhverfismál

Skapa þarf breiða sátt um stefnuna í auðlinda- og umhverfismálum, með áherslu á sjálfbærni og forystu Íslands í umhverfismálum á heimsvísu.

Einföldun stjórnkerfis og stjórnsýslu

Stjórnkerfi og stjórnsýsla sem snýr að atvinnulífinu verði einfölduð með stofnun eins atvinnuvegaráðuneytis, einföldun stuðningskerfis byggða- og nýsköpunarmála og háskóla- og rannsóknarmála með sameiningu stofnana og sjóða og samræmingu verklags.

Áhersla á skýrar leikreglur – stjórnfestu (good governance)

Kallað verði eftir umræðu og tillögum um leikreglur fyrir atvinnulíf, stjórnsmál og stjórnsýslu.

Samkeppnishæfni

Samkeppnishæfni fyrirtækja vísar til getu þeirra til að keppa á markaði og nú á tímum aukinnar alþjóðavæðingar er oftast horft til alþjóðamarkaða. Samkeppnishæfni Íslands vísar til starfsumhverfis fyrirtækja á Íslandi og hversu vel það umhverfi gerir fyrirtækjum kleift að keppa á alþjóðamarkaði. Það að vera samkeppnishæf er ekki markmið í sjálfu sér heldur leið til að tryggja sjálfbæra og varanlega aukningu á almennum lífsgæðum.

Alþjóðlegir mælikvarðar á samkeppnishæfni hafa verið í notkun um talsvert skeið. Þeirra þekktastir eru mælikvarðar World Economic Forum (WEF) og IMD's World Competitiveness Yearbook (IMD). Það var því ákveðið að horfa til þeirra mælikvarða sem upphafspunkts, en fljótlega varð ljóst að þeir mælikvarðar eru um margt takmarkaðir. Því voru skipaðir sjö hópar sérfræðinga til að rýna í niðurstöður þessara mælinga, túlka þær og gera tillögur sem miða að því að verja góða samkeppnisstöðu og vinna markvisst að úrbótum á þeim þáttum þar sem samkeppnishæfni Íslands má bæta. Hóparnir gerðu einnig tillögur að nýjum og/eða endurbættum mælikvörðum fyrir samkeppnishæfni landsins þar sem þurfa þykir.

Grunnsviðin sem hóparnir tóku til umsgagnar voru:

1. Grunngerð og stofnanir (Institutions)
2. Grunnstoðir (Infrastructure) og tæknistig (Technological readiness),
3. Efnahagslegur stöðugleiki (Macroeconomic stability).
4. Skilvirkni og markaðir, þ.e. markaðsstærð, skilvirkir markaðir, skilvirkt vinnuafli, hæfni fjármálamarkaða og viðskipti.
5. Menntun og vísindi, þ.e. grunnmenntun, framhaldsmenntun og endurmenntun.
6. Nýsköpun og þróun (Innovation).
7. Lífsgæði, heilbrigði og jöfnuður.

Sérfræðingahóparnir gerðu grein fyrir niðurstöðum sínum á opnum fundi í Þjóðminjasafninu þann 5. maí s.l. Hér á eftir fer samantekt á tillögum þeirra:

Grunngerð og stofnanir

Bæta þarf meðferð á opinberu fé en það má m.a. gera með því að framkvæma hagkvæmniúttektir á öllum stærri opinberum framkvæmdum og forgangsraða eftir hagkvæmni, lækka styrki til landbúnaðar og auka frelsi í viðskiptum með landbúnaðarafurðir og tryggja að fjármagn til velferðarmála fari til þeirra sem þurfa á því að halda.

Dómskerfið þarf að efla til að tryggja að það geti tekist á við aukinn fjölda mála eftir hrun og nauðsynlegt er að breyta því ferli sem notað er til að skipa dómara til að auka traust á dómsmálum og almennt að tryggja að stjórnvöld gæti jafnræðis við ráðningar.

Veikleika í fjármálakerfinu þarf að laga með því að tryggja áreiðanleika endurskoðunarfyrirtækja, virkni stjórna hlutafélaga og hagsmuni minnihlutafjórfa. Einnig þarf að auka eftirlit með skráðum fyrirtækjum, eftirlitsstofnunum og þjóðhagslega mikilvægum fyrirtækjum og stofnunum.

Síðast en ekki síst er lagt er til að landið verði gert að einu kjördæmi til þess að auka líkur á vandaðri ákvarðanatöku.

Skilvirkni markaða

Brýnt er að byggja upp traust á íslenskt fjármálakerfi með því að endurbæta regluverk fjármálamarkaðarins og efla eftirlitsstofnanir þannig að þær hafi burði til að sinna verkefni sínu. Einnig þarf að byggja upp hlutabréfamarkað að nýju og auka fjárfestingu erlendra aðila í atvinnulífinu. Nauðsynleg forsenda þess er að marka langtímastefnu í peningamálum og gjaldmiðilsmálum sem tryggir stöðugt myntumhverfi.

Sömuleiðis verður að efla samkeppniseftirlit og fyrirbyggja misnotkun á markaðsráðandi stöðu og nýta samkeppni til að auka skilvirkni, lækka kostnað og bæta opinbera þjónustu. Sjálfsagt er að samkeppnislög gildi um landbúnað líka og tryggja þarf að þátttaka banka í fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja samræmist kröfum samkeppnislaga.

Almennt þarf að auka framleiðni í heimamarkaðsgreinum og móta hagvaxtarstefnu sem byggir á varanlegri aukningu útflutnings. Einnig mætti skjóta fleiri stoðum undir orkufrekan iðnað og beina augum að t.d. sólarcellum, koltrefjum, gagnageymslum og aflþynnum.

Efnahagskilyrði

Koma þarf fjármálum hins opinbera (ríkis- og sveitarfélaga) á réttan kjöl, endurreisa fjármálamarkaðinn og gera bankakerfið starfhæft. Byggja þarf upp gjaldeyrisforða, afnema gjaldeyrishöft og finna leið til að koma á varanlegum verðlagsstöðugleika. Að lokum þarf að styrkja stoðir atvinnulífsins, vinnumarkaðarins og menntakerfisins svo hægt sé að skapa forsendur fyrir fjölbreytta atvinnustarfsemi og aukna framleiðni.

Lífsgæði, heilbrigði og jöfnuður

Lagt er til að þjóðhagsreikningar sem meta lífsgæði verði útvíkkaðir og upplýsingum til útreikninga á GPI (Genuine Progress Indicator) verði safnað. Aðrir mælikvarðar sem vert er að fylgjast með eru t.d. Index of Sustainable Economic Welfare (ISEW), Calvert-Henderson Quality of Life Indicators, Human Development Index Sameinuðu þjóðanna og Invincibility Index. Einnig er rétt að félagsauður verði mældur sem og vistspor Íslendinga.

Jafnvægi milli atvinnu og fjölskyldulífs þarf að batna og tryggja þarf að börnum sé ekki mismunað á grundvelli fjárhags foreldra og að þau hafi aðgang að námi, tólmstundum og heilsugæslu. Auka þarf áherslu á forvarnir og lýðheilsu og tryggja að skipulagsgerðin sé þannig að hún hvetji til hreyfingar og vistvænni samgöngumáta. Nýta ætti þau verðmæti sem felast í ósnortinni náttúru og auka þannig samkeppnishæfni Íslands en einnig þarf að undirbúa viðkvæma náttúru landsins fyrir sjálfbæra móttöku aukins fjölda ferðamanna á næstu árum.

Auka má jöfnuð í samfélaginu með því að gera landið að einu kjördæmi, virkja þátttöku fatlaðra á vinnumarkaði, auka sveigjanleika eftirlaunaaldurs, rannsaka félagslegar og sálrænar orsakir launamunar kynjanna og bjóða uppá notendastýrða persónulega aðstoð fyrir þá sem það þurfa.

Menntun og nýsköpun

Nauðsynlegt er að bæta árangur íslenskra grunnskólanemenda til þess að færni og þekking þeirra sé eins og best verður á kosið við lok grunnskóla. Horfa þarf til færni og þekkingu í íslensku, stærðfræði og lestri samkvæmt PISA matinu og öðrum mælikvörðum. Samkvæmt niðurstöðum PISA virðist sú mikla fjárfesting sem lögð er í grunnskólann ekki skila sér í nægilega góðum undirbúningi fyrir framhaldsskóla, sem aftur hefur áhrif á undirbúning fyrir háskóla, til dæmis hvað varðar möguleika nemenda til að ná árangri í tækni- og raungreinanámi á háskólastigi.

Til að skapa jafnvægi við hefðbundin grunnatriði í menntun eins og lestur, stærðfræði og íslensku þarf um leið að leggja áherslu á hæfnipætti eins og upplýsingalæsi, sjálfstæði, frumkvæði, gagnrýna hugsun, samfélagslega ábyrgð, þátttöku eða virkni og síðast en ekki síst siðfræði.

Leggja þarf áherslu á nýsköpun á öllum skólastigum með markvissri þjálfun listrænnar og hagnýtrar sköpunar. Samþætting nýsköpunar við allt nám er lykilorð og menntun kennara er mikilvæg, sérstaklega þverfagleg menntun og skilningur á fjölþættari fræðasviðum en þeir hafa nú. Leitast þarf við að tengja skólastarf við nýsköpun, t.d. með skipulegum heimsóknum starfandi listamanna og hugvitsmanna í skóla.

Mikilvægt er að jafnvægi og tengsl séu milli skapandi greina og stærðfræði og raungreina. Koma þarf á fót tæknimiðstöð sem myndi vekja athygli og áhuga barna og unglinga á raungreinum og örva nýsköpun. Huga þarf að menntun kennara í þessum greinum og fjölga faggreinakennurum.

Auka þarf sveigjanleika og val í menntamálum á öllum skólastigum. Meira ætti að vera af valkvæðum þáttum í öllu námi og mikilvægt er að styðja við afburðanemendur og áhugasvið þeirra hvort sem það er á sviði náms eða lista. Tengja þarf skapandi greinar og raungreinar betur saman til að vekja athygli á ólíkum greinum og kveikja áhuga. Nám til stúdentsprófs mætti stytta.

Fjölga þarf iðn- og tæknimenntuðu fólki á Íslandi. Gera þarf verknám að raunverulegum valkosti í skólakerfinu og auka virðingu fyrir verknámi og verkfærni. Mikilvægt er að öflug náms- og starfsráðgjöf sé fyrir hendi bæði á efri stigum grunnskólans og í framhaldsskólum.

Brottfall úr framhaldsskóla er einn helsti ljóðurinn á íslenska menntakerfinu. Vinna þarf gegn brottfalli bæði með félagslegri og námslegri nálgun. Sterk tengsl framhaldsskólans við verknám eru mikilvæg. Ein leið er að

auka verulega aðgengi að náms- og starfsráðgjöf. Efla þarf markvisst námskeiðahald til færni- og réttindaaukningar fyrir þá sem falla út úr námi.

Fjölga þarf háskólamenntuðu fólki (í grunnnámi, framhaldsnámi og doktorsnámi) og fjölga þarf alþjóðlegum nemendum sem ljúka gráðu við íslenska háskóla. Rétt er að miða okkur við nágrannalöndin í þessum efnum en þar lýkur almennt hærra hlutfall árgangs háskólanámi en hér. Fjöldi alþjóðlegra doktorsnema er góður mælikvarði á gæði háskólanáms og notaður sem mælikvarði á samkeppnishæfni skólakerfa víða í heiminum. Alþjóðlegir nemendur auka einnig fjölbreytni og breidd háskólanna og þeirra rannsókna sem þar eru stundaðar.

Auka þarf stuðning við háskólamenntun og gæði háskólamenntunar. Lykilatriði er að nota matskerfi sem byggist á viðurkenndum alþjóðlegum mælikvörðum.

Skoða þarf hvað það er sem hindrar frekari samvinnu háskólanna. Sömuleiðis þarf að skoða fjármögnun þeirra og hvernig mismunandi gjaldtaka og kostnaðarpáttaka hefur áhrif á möguleika til samvinnu. Greina þarf starfsemi háskóla í landinu, m.a. út frá rekstrarhagkvæmni og menntastefnu, og móta síðan stefnu um fjölda og starfsemi sjálfstæðra háskólastofnana.

Bæta þarf tengingu háskóla og atvinnulífs í rannsóknum og kennslu. Huga þarf að eflingu rannsóknastarfsemi sem sprettur af þörfum atvinnulífs og fer fram á vegum háskóla, einstaklinga eða fyrirtækja, en undir faglegri stjórn sérfræðinga. Þó þarf að gæta þess að í samstarfi háskóla og atvinnulífs sé aldrei hættá á hagsmunaaðrekstrum.

Mikilvægt er að fjármagn sé nýtt eins vel og kostur er. Auka þarf fé í samkeppnissjóðum á sviði nýsköpunar og rannsókna, enda viðurkennt að samkeppni auki gæði. Tryggja þarf betur gagnsæi við meðferð þess almannafrjár sem fer til nýsköpunar. Stuðla þarf að fjölbreytni og auka þverfræðileika nýsköpunarverkefna og rannsókna og ryðja úr vegi hindrunum fyrir þverfræðilegum verkefnum (t.d. í samkeppnissjóðum).

Innviðir, tæknistig og fjarskipti

Hvað innviði varðar er staðan almennt góð og í sumum tilvikum afburða góð en standa þarf vörð um þessa mikilvægu stöðu. Aðgengi og upptaka fyrirtækja á tækninýjungum er framúrskarandi en auka mætti þátt beinnar erlendar fjárfestingar í tækni. Staðan er góð í lykilmælikvörðum fjarskipta. Tengingar til útlanda eru góðar m.t.t. landfræðilegrar stöðu og lítils markaðar og aðgengi íbúakjarna að ljósleiðara-grunnetstengingum er gott en þó mætti bæta það enn frekar. Hætta er á því að samkeppnishæfni Íslands minnki til lengri tíma ef uppbygging ljósleiðarakerfa (í götuskápa eða til heimila) verður mikið hægari en hjá nágrannalöndum okkar (hringtengingar). Aðgengi að háhraðanettengingum og farsímakerfum er mjög gott og því þarf að viðhalda. Mjög hátt hlutfall íbúa nota netið og tryggja þarf að þjónustuframboð á netinu fylgi þessari þróun.

Almenningur nýtir sér rafræna þjónustu í meira mæli en samanburðarþjóðir en framboð á rafrænni þjónustu stjórnarsýslunnar þarf að stórauka. Frekari nýting á rafrænni stjórnsýslu er góð leið til að tryggja góða þjónustu og hagkvæmni í niðurskurði.

Nýsköpun og þróun

Efla þarf nýsköpun í starfandi fyrirtækjum með markvissum stuðningsaðgerðum þar sem byggt er á ráðgjöf sérfræðinga og fjármagn veitt til stuðnings. Slík verkefni geta byggt á auknu rannsókna- og þróunarstarfi og/eða breyttum áherslum í rekstri og framboði á vörum og þjónustu. Sem dæmi um stuðningsaðgerðir má nefna þróunarverkefni sem hafa það markmið að hvetja til þróunar nýrrar vöru og þjónustu, endurbæta ferla eða sækja á nýja markaði þar sem fjárhagslegur stuðningur og ráðgjöf yrðu framlag ríkisins. Önnur nálgun við eflingu nýsköpunar í starfandi fyrirtækjum er aukin áhersla á tækniyfifærslu sem felur í sér yfifærslu hvers konar þekkingar og tækni frá einum aðila til annars. Oftast er hugtakið notað í sambandi við yfifærslu á þekkingu frá einni atvinnugrein yfir í aðra, en getur líka þýtt hagnýtingu fyrirtækja á þekkingu háskóla og rannsóknastofnana og yfifærslu á tækni fyrirtækis í einu landi til fyrirtækis í öðru.

Brýnt er að huga að uppbyggingu þekkingarsetra og klasa á landinu þar sem byggt er á styrkleikum íslensks atvinnulífs og sérstaklega hugað að vaxtargreinum og verðmætasköpun til framtíðar. Kallað er eftir markvissum aðgerðum og stuðningi hins opinbera til eflingar samstarfs fyrirtækja, háskóla, rannsóknastofnana og stuðningskerfisins um nýsköpun, þróun og rannsóknir, á skilgreindum kjarnasviðum íslensks atvinnulífs.

Mikilvægt er að efla samstarf atvinnulífs og háskóla um hagnýtar rannsóknir og verkefni í þágu markaðsdrifinnar nýsköpunar. Undanfarin ár hefur rík áhersla verið lögð á mikilvægi þessa samstarfs en þörf er á skýrum tillögum um aðgerðir til að efla stuðning við slíkt samstarf.

Öflug sókn íslenskra fyrirtækja á erlenda markaði er forsenda hagvaxtar, nýsköpunar og endurnýjunar íslensks atvinnulífs. Þekkingarskortur og reynsluleysi á sviði markaðs- og sölustarfs erlendis er veikleiki hjá fjölmörgum íslenskum fyrirtækjum. Vegna gengislækkunar íslensku krónunnar hefur markaðs- og kynningarkostnaður hækkað verulega og hamlar það markaðssókn íslenskra fyrirtækja erlendis. Stuðningur við útflutningsstarfsemi tækni- og sprotafyrirtækja er mikilvægt forgangsmál.

Bæta þarf umgjörð áhættufjármögnunar, efla tengsl viðskiptaengla við srotafyrirtæki, auka hlutafé lífvænlegra fyrirtækja, og afla skipulega erlendra styrkja sem byggja á sérstöðu íslenska rannsóknarumhverfisins. Bæta þarf skatta- og lagaumhverfið þannig að unnt sé að fá hluta af rannsóknar- og þróunarkostnaði endurgreiddan og tryggja þarf að lagaumhverfið letji ekki nýsköpun. Tryggja þarf starfsemi samkeppnissjóða, svo sem Tækniþróunarsjóðs og annarra framtakssjóða og brýnt er að til staðar sé ráðstöfunarfé til verkefna. Eins þurfa fjárfestingarstefnur og styrkheimildir að vera í stöðugri endurskoðun svo nýta megi sem best þá fjármögnunarkosti sem til staðar eru.

Stoðkerfi atvinnulífsins þarf að vera skilvirkt og stuðningur óháður búsetu. Jafna þarf aðgang fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu að stuðningsverkefnum. Þörf er á að efla stuðningsverkefni sem þegar eru í gangi og hafa skal í huga að oft er meiri þörf á hugviti en fjármagni.

Tímabært er að opinberir aðilar á öllum sviðum þjónustu og rekstrar marki sér stefnu í nýsköpun. Opinber innkaup geta verið mikilvæg uppspretta nýsköpunar og leggja þarf áherslu á rafræna stjórnslu og upplýsingatækni. Eðlilegt er að ríkið taki þátt í nýsköpunarverkefnum og hvetji til þróunar á vörum og þjónustu.

Áherslur í rannsóknum eru veigamikill þáttur sem getur styrkt stoðir tiltekinna rannsóknar- og fagsviða sem Íslendingar geta sérhæft sig í og náð alþjóðlegri forystu á. Sem dæmi má nefna heilbrigðisgeirann, norðurslóðarannsóknir, málefni hafsins, loftslagsvæna tækni, endurnýjanlega orku og sjálfbærar samgöngur. Með skýrum áherslum og samstilltu átaki mun skýr stefna á þessu sviði styrkja íslenskt atvinnulíf og vera leiðarvísir um áherslur og fjárfestingu í framtíðaratvinnugreinum þjóðarinnar. Mikilvægt er að þessar áherslur endurspeglast í stefnumótandi ákvörðunum á öllum stigum stjórnslunnar.

Þjóðfundir landshluta


Tækifæri til sóknar á hverju landssvæði

Hér að framan hefur verið fjallað um aðdraganda Sóknaráætlunarverkefnisins. Í þessum kafla verður gerð grein fyrir því hvernig leitað var að tækifærum til sóknar á hverju landssvæði og hvernig nýta megir afraksturinn.

Landshlutaskipting

Hluti af vinnulagi við undirbúning Sóknaráætlunar 20/20 fyrir Ísland var að boða til þjóðfunda víða um landið. Ákveðið var að landinu skyldi skipt í átta svæði, þ.e. höfuðborgarsvæði, Vesturland, Vestfirði, Norðurland vestra, Norðurland eystra, Austurland, Suðurland og Suðurnes. Einnig var ákveðið að skoða sérstaklega sameiginleg sóknarsvæði svokallaðs Suðvestursvæðis (stórhöfuðborgarsvæðis) sem nær til alls suðurhluta landsins, þ.e. frá Borgarbyggð í vestri til Árborgar í suðri. Grunnur að svæðaskiptingunni var unninn af hópi verkefnisstjóra ráðuneytanna sem best þekkja til opinberrar áætlanagerðar, stjórnáslu og þjónustu sem byggir á skiptingu landsins í svæði. Haft var samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga. Að fengnum ábendingum hinna síðarnefndu byggir svæðaskiptingin að verulegu leyti á núverandi starfssvæðum þeirra.

Það má hins vegar vel vera að hentugra sé að skipta landinu með öðrum hætti. Þóroddur Bjarnason hefur bent á að þegar litið er til samgangna, mannfjölda og lýðfræðilegra breytinga megi sjá þrjú landfræðilega afmörkuð vaxtarsvæði á Íslandi á tímabilinu 2001-2010. Íbúar á þessum svæðum séu samtals 294 þúsund eða tæp 93% af þjóðinni. Mikilvægt sé að efla þessi atvinnu- og þjónustusvæði með því að þetta samgöngur innan þeirra og styrkja tengingar við önnur svæði. Á sama hátt þurfi að líta sérstaklega til dreifbýlla svæða þar sem byggðakjarnar eru litlir og geta ekki haldið uppi fjölbreyttri atvinnu og þjónustu. Á slíkum svæðum búi rúm 7% þjóðarinnar og þróa þurfi sérstaka varnaráætlun fyrir þau t.d. með því að styrkja stærsta byggðakjarnann eða tengja slík svæði við nærliggjandi atvinnu- og þjónustusvæði ef mögulegt er.¹



¹ Þóroddur Bjarnason. (2010). *Mannfjöldi, samgöngur og búsetuþróun*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Lýðræðisleg nálgun með þjóðfundasniði

Boðað var til þjóðfunda í landshlutunum þar sem fjöldamargir landsmenn tóku þátt; íbúar, hagsmunaaðilar og fulltrúar sveitarstjórna á svæðunum átta. Á fundunum var leitað eftir sérstöðu svæðisins að mati heimafólks. Nánar tiltekið, hvar leyndust tækifæri í atvinnumálum, menntamálum og opinberri þjónustu sem önnur landssvæði ættu erfitt með að líkja eftir. Til að gefa þátttakendum dýpri sýn á eigin landssvæði og auðvelda þeim matið lágu fyrir skýrslur með tölfræði um viðkomandi svæði. Gengið var út frá því að á hverjum fundi fyrir sig kæmu fram hugmyndir og tillögur tengdar sérstöðu sem nýtast mættu í Sóknaráætlun. Slík áætlun drægi fram helstu möguleika þess til sóknar í atvinnumálum, menntamálum og opinberri þjónustu. Fulltrúar frá landshlutasamtökum sveitarstjórna á hverju svæði fóru að því loknu yfir útkomuna og skiluðu skýrslum til stýrihóps Sóknaráætlunar á vordögum 2010.

Niðurstöður þjóðfunda í landshlutum

Niðurstöður af þjóðfundum í landshlutum leiddu það í ljós að svæðin átta eiga mikið meira sameiginlegt heldur en greinir þau í sundur. Í rauninni reyndist erfitt að finna sérstöðu fyrir hvert svæði sem ekki var sameiginleg með a.m.k. nokkrum öðrum. Það kom í ljós að flest svæðin mátu sérstöðu sína felast í áherslu á ferðaþjónustu og uppbyggingu rannsóknar- og þekkingarsetra. Þessar áherslur hafa einnig komið fram í gegnum árin í svonefndum vaxtarsamningum um uppbyggingu atvinnulífs sem iðnaðarráðuneytið hefur gert við fulltrúa landshlutanna og einkaaðila.

Þátttakendur á fundunum bentu á sérstöðu eins og fallega og óspillta náttúru, orkuauðlindir (jarðvarma og vatnsafl), landbúnaðarafurðir og sjávarafurðir. Hugmyndir og tillögur um einstök verkefni voru misjafnlega útfærðar. Hér á eftir er leitast við að flokka umræddar tillögur sem voru sameiginlegar fyrir mörg svæði í sex þemu sem rétt er að leggja áherslu á á landsvísu. Í kjölfar þjóðfundanna hafa landshlutasamtök sveitarfélaga unnið áfram með umrædd þemu og aðrar hugmyndir og hafa mörg afmarkað einstök verkefni (eitt eða fleiri) sem hvert landsvæði leggur áherslu á að fylgja eftir í sóknaráætlun fyrir viðkomandi landshluta. Í því samhengi er ljóst að mun meiri árangur mun nást ef svæðin vinna saman að framgangi á hverju lykilsviði, t.d. með klasasamstarfi. Að sama skapi þurfa fulltrúar landssvæða að koma sér saman um verkaskiptingu hvað varðar þau verkefni sem eru sameiginleg fyrir mörg þeirra svo þau séu ekki öll að yrkja sama akurinn.

Sameiginleg sérstaða Íslands

Tillögur um sóknarfæri og sérstöðu á hverju landsvæði eru hér settar fram sem dæmi um sameiginlega sérstöðu landsins í heild. Þær eru flokkaðar í 6 þemu eins og áður sagði og er framsetning þeirra ekki eftir styrkleikaröð.

1. Ferðaþjónusta – tengd náttúru annars vegar og sögu- og menningu hins vegar

Alls staðar á landinu eru möguleikar í ferðaþjónustu og hægt að byggja upp, efla þá þjónustu sem fyrir er og markaðssetja ýmis konar þjónustu bæði innanlands og erlendis. Fram komu m.a. hugmyndir um jarðminjagarð (Geocamp) á Suðurnesjum og í V-Skaftafells- og Rangárvallasýslum, aukna markaðssetningu stóðhestaréttu á Norðvesturlandi, bætt aðgengi að björgum á Vestfjörðum og markaðssetningu hreindýraveiða á Austurlandi. Mjög víða mætti byggja upp heitar, náttúrulegar laugar og baðstaði og áfram er hægt að markaðssetja höfuðborgina sem vistvæna „sveit í borg“ þar sem nálægð höfuðborgarinnar við óspillta náttúru er sjaldgæf á heimsvísu. Sögu- og menningartengd ferðaþjónusta hefur einnig farið vaxandi og áhugi var á því að auka við þá þróun.

2. Heilsa og vellíðan

Heita vatnið og óspillt náttúran býður uppá góða aðstöðu fyrir ýmis konar heilsuefningu. Breytingar á rekstri heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni bjóða upp á möguleika á að nýta hluta af húsnæði þeirra til að bjóða innlendum jafnt sem erlendum ferðamönnum uppá ýmsar meðferðir og aðgerðir. Heilsuþöð gætu bæði nýst sem eftirmeðferð eftir aðgerðir en einnig sem lúxus-heilsuþöð. Á Suðurnesjum er slík starfsemi þegar vel á veg komin með Bláa lóninu sem býður uppá psoriasis meðferðir. Fleiri staðir á landinu gætu nýtt sér heita vatnið og byggt upp í kringum það, t.d. mætti byggja upp heilsuþöð við Deildartunguhver á Vesturlandi. Fulltrúar á þjóðfundi á Vesturlandi bentu á að heilbrigðisráðuneytið og iðnaðarráðuneytið gætu í sameiningu markað stefnu í uppbyggingu á sviði heilsuþjónustu og fræðslu með það að markmiði að greinin verði öflug á landsvísu. Huga þyrfti að sameiginlegri kynningu og uppbyggingu í því skyni að byggja upp gæði og nýta þekkingu og auðlindir á landinu öllu.

3. „Hrein“ matvæli og vatn

Víða á landsbyggðinni eru matvælavinnsla og sjávarútvegur grunnatvinnuvegir og þó þetta hafi ekki geta talist sérstaða á hverju svæði þar sem þessar greinar finnast víða á landinu þá eru íslenskar landbúnaðar- og sjávarafurðir augljóslega sérstaða fyrir landið í heild. Leggja mætti meiri áherslu á að fullvinna afurðir og markaðssetja erlendis sem lúxusvöru og ná þannig fram meiri virðisauka. Á Vesturlandi komu fram hugmyndir um að þróa nýjar vörur eins og sól- eða frostþurrkað sól og skarfakál, geitaost og geitapate og margt fleira.

4. Fullvinnsla afurða

Matvæli og sjávarafurðir má sem fyrr segir fullvinna frekar og markaðssetja sem lúxusvöru en huga mætti að fullvinnslu fleiri afurða til að auka verðmætasköpun og vöruþróun. Á Norðvesturlandi og víðar mætti t.d. auka framleiðslu og finna nýja markaði fyrir sútuð skinn og sjávarleður og í Hvalfirði og á Austurlandi mætti vinna vörur úr áli og málmum.

5. Þekkingarmiðstöðvar og rannsóknasetur

Íslendingar búa yfir sérþekkingu á orkunýtingu og sjávarafurðum. Þessa sérþekkingu er sjálfsagt að þróa frekar og nýta. Á Vestfjörðum var stungið upp á að setja á stofn Háskóla hafsins og menntun og rannsóknir tengdar sjávarútvegi og fiskeldi en þar töldu fulltrúar á þjóðfundi vera kjöraðstæður til að byggja upp alþjóðlega miðstöð mennta, vísinda og rannsókna í haftengdum fræðum. Á Suðurnesjum er alþjóðaflugvöllur og aðstaða á Ásbrú fyrir alþjóðlegt flugnám og öryggisakademíu. Á Norðausturlandi er góð aðstaða fyrir vetraríþróttir og þar vildu landshlutasamtökin markaðssetja íþróttabæinn Akureyri. Einnig vildu fulltrúar á Norðaustursvæði efla t.d. norðurslóðaáherslur við Háskólann á Akureyri. Hugmyndir um alþjóðlegan björgunarskóla komu einnig fram bæði í tengslum við Björgunarskólann á Gufuskálum en einnig á höfuðborgarsvæðinu.

6. Nýting endurnýjanlegrar vistvænnar orku (vatnsafl, jarðhiti)

Í mörgum landshlutum er að finna endurnýjanlega orku sem mætti nýta frekar. Á Suðurlandi var t.d. stungið uppá að nýta orkuna í kísilverksmiðju, pappírverksmiðju, gagnaver og gróðurhúsaræktun. Svipaðar hugmyndir komu fram um háhitasvæði í Þingeyjarsýslu. Á Suðurnesjum var bent á að nýta mætti affallsvatn frá Reykjanesvirkjun í fiskeldi, t.d. tilapírækt og þörungarækt og þróa nýjar vörur eins og saltrækjur. Á Norðvesturlandi beindu menn augum að vatnsaflinu og töluðu um að stækka Blönduvirkjun en einnig er víða heitt vatn á Norðvesturlandi sem mætti nýta. Þar kom reyndar líka til umræðu að nýta jarðefni eins og basalt og kalkþörungum og bent var á að nýta mætti orkuna til að stofna ný fyrirtæki á borð við koltrefjaverksmiðjur, kalkþörungavinnslu, gagnaver, ylrækt o.fl.

Næstu skref – Ísland 2020

Í þessari skýrslu er stutt samantekt á hluta af því lykilefni sem orðið hefur til við vinnu að Sóknaráætlun 2020 og liggur stefnumörkun og tillögugerð undir heitinu Íslands 2020 til grundvallar. Með skýrslunni, ítarlegum samantektum á nýju vefsvæði verkefnisins og meðfylgjandi stefnumörkun og tillögugerð telst vinnu við Sóknaráætlun 2020 lokið.

Á þriðja tug verkefna á ábyrgð mismunandi ráðuneyta er teft fram í tengslum við Ísland 2020 til að þegar megi ráðast í aðgerðir og umbætur sem stuðla að árangri. Eftir umfjöllun ríkisstjórnar er gert ráð fyrir að þau verði lögð fram á sérstökum samráðsvettvangi þar sem kallaðir verði til kallaðir fulltrúar stjórnmalaflokka, Sambands íslenskra sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins. Þeim vettvangi er ætlað að vinna að framgangi afmarkaðra verkefna sem falla undir Ísland 2020 og atvinnustefnu fyrir Ísland, ekki síst á sviði atvinnuuppbyggingar og vinnumarkaðsmála.

Í stefnumörkuninni Ísland 2020 eru sett fram 15 samfélagsleg markmiða og 5 efnahags- og þróunarmarkmið sem mæld verða reglulega til þess að fylgjast með hvernig miðar í átt til betra samfélags. Ætlunin er að forsætisráðuneytið haldi utan um Ísland 2020 og eftirfylgni með þróun markmiðanna en framkvæmdin verður víða s.s. hjá ráðuneytum, stofnunum, sveitarfélögum og einkaaðilum.

Allt efni sem unnið hefur verið og safnað saman í tengslum við Sóknaráætlun verður aðgengilegt á vef forsætisráðuneytisins.